

Framboð til stjórnar Lífsverks lífeyrissjóðs

Hér með býð ég mig fram til setu í aðalstjórn Lífsverks lífeyrissjóðs fyrir næsta kjörtímabil, 2021-2024. Ég heiti Gnýr Guðmundsson og hef verið starfandi stjórnarmaður í Lífsverki frá síðasta aðalfundi, eftir að hafa verið varamaður í stjórn frá árinu 2018. Míнар áherslur sem stjórnarmaður snúa að því að viðhalda þeim góða árangri sem náðst hefur í ávöxtun sjóðsins að undanfögnu og tryggja á sama tíma réttindaöryggi sjóðfélaga. Að viðhalda fullnægjandi ávöxtun í því lágvaxtaumhverfi sem við búum við núna og næstu árin, án þess þó að auka áhættu safnsins of mikið, er krefjandi verkefni. Ég er tilbúinn að takast á við það með því góða fólki sem valið er af sjóðfélögum til stjórnarsetu ásamt starfsfólki sjóðsins. Ég hef einnig mikinn áhuga á ábyrgum fjárfestingum og mun styðja við þá jákvæðu þróun sem hefur átt sér stað hjá sjóðnum í þá átt.

Hver er ég:

Ég er tæplega 50 ára rafmagnsverkfræðingur og starfa hjá Landsneti sem yfirmaður greininga og áætlana í raforkukerfinu. Ég er í sambúð með Steingerði Ólafsdóttur verkefnastjóra og búum við í Urriðaholti í Garðabæ. Ég er lífsglaður orkubolti sem er á kafi í ýmiss konar útivist og íþróttum. Ég hef ávallt haft mikinn áhuga á félagsstörfum og að láta gott af mér leiða og hef löngum setið í stjórn og nefndum fyrir ýmis hagsmuna-, íþrótt- og félagsamtök. Ég er talnaglöggur og hef frá unga aldri haft áhuga á fjármálum og fjárfestingum þ.m.t. lífeyrismálum. Ég hef mikla reynslu af verkefnastjórnun, áætlanagerð, hvers konar hópavinnu og stjórnunarstörfum ásamt ýmiss konar hagrænum útreikningum sem hafa komið mér vel sem stjórnarmaður í Lífsverki.



Starfsferill:

- **frá 2016:** Yfirmaður greininga og áætlana hjá Landsneti. Millistjórnandi með yfirumsjón og ábyrgð á kerfisgreiningum og fjárfestingaáætlun fyrirtækisins. Fjárfestingaáætlunin er til 10 ára og nær yfir fjárfestingar í raforkukerfi landsins, línur og tengivirki. Hún er birt árlega í kerfisáætlun Landsnets.
- **2011-2016:** Leiðtogi verkefnastjórnunarteymis Rio Tinto Alcan á Íslandi. Millistjórnandi þar sem ég var m.a. ábyrgur fyrir fjárfestingaráætlun fyrirtækisins, forgangsriðun verkefna og virðisútreikningum, ásamt úthlutun verkefna til verkefnastjóra og ýmiss konar umsýslu.
- **2008-2011:** Verkefnastjóri fjárfestingaverkefna hjá Rio Tinto Alcan á Íslandi
- **2003-2008:** Ýmis hlutastörf með námi í Danmörku. M.a. hjá þróunar- og tæknisviði Energinet.dk, stundakennsla í rafmagnstæknifræðifögum við IOT, síðar SDU í Odense og viðhald skipasmíðastöðvar Maersk í Lindö á Fjöni.
- **2000-2003:** Vélstjóri á Berki NK 122 í eigu Síldarvinnslunnar í Neskaupstað.
- **Önnur störf:** Nemi í vélsmíðju Síldarvinnslunnar og ýmis störf gegnum tíðina, til sjós og lands, hjá hinum ýmsu fyrirtækjum eða verktaði, ýmist sem rafmagnstæknifræðingur, vélstjóri eða ófaglærður

Menntun

- **2017:** Msc í Raforkuverkfræði frá HR. (hluti námsins var stundaður í DTU á árunum 2006-2008)
- **2006:** Bsc í rafmagnstæknifræði á sterkstraumssviði frá IOT í Odense.
- **2000:** Sveinspróf í vélsmíði
- **1997:** Próf sem vélfræðingur frá Vélaskóla Íslands

Þátttaka í nefndum og stjórn

- Stjórnarmaður í Lífsverki frá apríl 2020. Þar á undan varamaður í stjórn frá 2018.
- Fulltrúi Samtaka atvinnulífsins í Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs frá 2012. Nefndin er stjórn Heilbrigðiseftirlits á svæðinu og sér m.a. um að samþykkja útgáfu starfsleyfa í umdæminu og að taka á málum sem varða heilbrigðis-, umhverfis- og hollustumál á svæðinu.
- Stjórn Hjólreiðasambands Íslands 2016-2018, sem gjaldkeri.
- Stjórn Hjólreiðafélagsins Bjarts í Hafnarfirði frá árinu 2015, sem gjaldkeri.